

Umsögn dómnefndar

samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um embætti dómanda við Endurupptökudóm,
samkvæmt auglýsingu í Lögbirtingablaði 11. október 2024

Reykjavík, 17. desember 2024

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á	3
3. Málsmeðferð dómnefndar	5
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur	6
5. Mat á hæfni umsækjenda.....	9
5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi	9
5.2. Menntun og framhaldsmenntun.....	10
5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður.....	10
5.3. Reynsla af dómstörfum	10
5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður	10
5.4. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum	11
5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum – samanburður.....	11
5.5. Reynsla af stjórnarsýslustörfum	11
5.5.1. Reynsla af stjórnarsýslustörfum – samanburður	12
5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.	13
5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf.....	13
5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður ..	13
5.6.2. Fræðibækur og -greinar o.fl.	13
5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður	14
5.7. Reynsla af stjórnun	14
5.7.1. Reynsla af stjórnun – samanburður.....	14
5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.	15
5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður	15
5.9. Sérstök starfshæfni.....	15

6. Færni umsækjenda til að semja úrskurði	16
7. Niðurstaða dómnefndar	17

1. Umsækjendur

Með bréfi 7. nóvember 2024 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómanda við Endurupptökudóm. Embættið var auglýst laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 11. október 2023.

Umsækjendur um embættið eru: Berglind Svavarsdóttir lögmaður og Matthías G. Pálsson lögfræðingur.

Samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála var sú að báðir umsækjendur uppfylltu þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögninni tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnisýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan

hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málf lutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti, en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir m.a.: „Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnaþega sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi ... Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málf lutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórn-sýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám ... Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi ... Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti ... Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi ... Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um

að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvæðni, hæfni og skilvirkni í starfi.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 4. gr. reglnanna „að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpi, er varð að lögum nr. 45/2010, að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa, sem umsækjendur hafa sinnt, en ekki síður hve verkefni, sem þeir hafa fengist við, séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tók eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

3. Málsmeðferð dómnefndar

Dómnefndina skipuðu eftirtaldir við meðferð máls þessa: Ása Ólafsdóttir, formaður, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Kjartan Bjarni Björgvinsson, Reimar Pétursson og Þorgeir Örlygsson. Umsækjendum var sent tölvubréf 15. nóvember 2024 þar sem óskað var eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi

framangreindra nefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra.

Fyrsti fundur dómnefndar var haldinn 14. nóvember 2024.

Í framangreindri auglýsingu frá 11. október 2024 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um dómaraembættin upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.1. hér á eftir.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 5. desember 2024, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 11. sama mánaðar. Athugasemdir bárust frá einum umsækjanda en þær leiddu ekki til efnislegra breytinga á fyrirbyggjandi drögum að umsögn.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. og 6. kafli hafa að geyma mat dómnefndar á hæfni þeirra á grundvelli þeirra megin- sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum kafla eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda og þeim gögnum sem umsækjendur létu dómnefnd í té. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Berglind Svavarsdóttir er fædd 2. desember 1964 og er því 60 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1989 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1997 og hæstaréttarlögmaður 2008. Hún öðlaðist löggildingu til að starfa sem fasteigna- og skipasali 1996. Árið 2006 lauk umsækjandinn diplómanámi í stjórnun frá Háskólanum á Akureyri og hefur sótt ýmis námskeið um lögfræðileg málefni. Að loknu laganámi, árin 1990-1996 starfaði umsækjandinn sem löglærður

fulltrúi Sýslumannsins á Húsavík, þar af sem staðgengill sýslumanns frá 1995 til 1996. Á árunum 1996 til 2003 rak umsækjandinn eigin lögmannsstofu og fasteignasölu á Húsavík og frá árinu 2003 hefur hún verið sjálfstætt starfandi lögmaður og meðeigandi lögmannsstofa í Reykjavík. Umsækjandinn hefur tvisvar verið settur varadómari. Annars vegar við fjölskipaðan Héraðsdóm Reykjavíkur árið 2023 og hins vegar við Landsrétt sama ár. Umsækjandinn hefur haldið fyrirlestra og skrifað pistla um ýmis lögfræðileg málefni. Þá hefur hún leiðbeint nemendum við skrif lokaritgerða við lagadeild Háskólans á Akureyri. Af öðrum störfum umsækjandans má nefna að hún sat í slitastjórn SPB hf. árin 2009 - 2016 og í bankaráði Landsbanka Íslands hf. árin 2016-2024, þar af sem varaformaður frá 2018 auk þess sem hún var tilnefnd af hálfu bankaráðs til setu í ýmsum nefndum bankans. Hún var í stjórn Lögfræðingafélags Norður- og Austurlands 1997-2002 og formaður félagsins um tveggja ára skeið 2000-2002. Umsækjandinn var formaður barnaverndarnefndar Suður-Þingeyjarsýslu 1998-2002 og formaður barnaverndarnefndar Þingeyjarsýslu 2002-2007. Þá var hún varamaður í úrskurðarnefnd lögmannna 2005-2015. Umsækjandinn var í stjórn félags kvenna í lögmennsku 2008-2010. Þá sat umsækjandinn í stjórn Lögmannafélags Íslands árin 2015-2021, sem varaformaður 2016-2017 og formaður 2018-2021. Hún sat í dómnefnd um umsækjendur sem sóttust eftir tilnefningu af Íslands hálfu sem dómarrar í Mannréttindadómstól Evrópu 2013 og hefur setið í prófnefnd um öflun málflytningarréttinda fyrir héraðsdómstólum frá árinu 2023. Hún var tilnefnd *ad hoc* til setu í Endurupptökunefnd 2015 og í Úrskurðarnefnd lögmannna 2024. Hún sat í yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis 2018-2022 og gegnir nú formennsku í tveimur úrskurðarnefndum; úrskurðarnefnd kosningamála frá 2022 og úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar frá 2018.

Matthías G. Pálsson er fæddur 31. maí 1966 og er því 58 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1993. Þá lauk hann LL.M. námi í Evrópurétti og doktorsgráðu í alþjóðlegum samningarétti frá Evrópuháskólanum í Flórens 2001 (sambyggð gráða). Hann lauk diplómanámi í hafrétti frá Rhodos Academy of Ocean Law 2004 og viðbótarnám í þjóðarrétti frá Columbia University í New York 2008. Í júní 2021 útskrifaðist hann með BA-gráðu í ítölsku frá Háskóla Íslands og hóf diplómanám í umhverfis- og auðlindafræði við sama skóla á haustönn

2024. Jafnframt hefur hann sótt ýmis starfstengd námskeið um lögfræðileg efni. Að loknu embættisprófi í lögum hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi og þinglýsingarstjóri hjá Sýslumanninum í Kópavogi og starfaði þar til mars 1994. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1994 og hóf sama ár störf á einkaleyfastofu og jafnframt lögmannsstofu í Reykjavík þar sem hann starfaði sem lögfræðingur og síðar lögmaður til 1996. Að loknu doktorsnámi í febrúar 2001 réði umsækjandinn sig tímabundið í starf lögfræðings hjá EFTA-skrifstofunni í Brussel. Í ágúst sama ár hóf hann störf sem sendiráðsritari á varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins í Reykjavík og sinnti því starfi þar til í september 2005. Á árunum 2005-2009 var umsækjandinn sendiráðunautur og lögfræðingur við fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, síðar fulltrúi Íslands í hermálanefnd Atlantshafsbandalagsins í Brussel í Belgíu í rúmt ár, 2009-2010 og í framhaldi af því sendiráðunautur og lögfræðingur í sendiráði Íslands í Brussel 2010-2014. Umsækjandinn starfaði sem lögfræðingur á laga- og stjórnsýsluskrifstofu utanríkisráðuneytisins 2014-2018 ásamt því að vera lögfræðingur og hafréttarsérfræðingur í samninganefnd Íslands í viðræðum um gerð samnings um úthafsveiðar í miðhluta Norður-Íshafsins 2016-2018. Hann var deildarstjóri alþjóða- og öryggismála á samnefndri skrifstofu 2018-2019, fulltrúi utanríkisráðuneytisins í íslensku UNESCO-nefndinni 2018-2020 og fastafulltrúi Íslands gagnvart Evrópuráðinu í Strassborg 2018- 2020. Í eitt ár, frá september 2020, var umsækjandinn formaður starfshóps um landgrunn Íslands og landgrunnskröfur. Hann var aðalsamningamaður Íslands og formaður samninganefndar Íslands í undirbúningviðræðum og samningaviðræðum um gerð alþjóðlegs samnings um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja 2015-2021 ásamt því að vera sérlegur erindreki um málefni hafsins hjá utanríkisráðuneytinu 2020-2021. Frá ágúst 2021 til júlí 2024 var umsækjandinn sendiherra og fastafulltrúi Íslands gagnvart Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Alþjóðlega þróunarsjóði landbúnaðarins (IFAD) í Róm, Ítalíu. Umsækjandinn var stundakennari í samningarétti við lagadeild Háskóla Íslands 1995 -1996. Þá var hann stundakennari og aðjúkt í samningarétti við Háskólann í Reykjavík 2003-2005 og

hafði umsjón með og kenndi árlega málstofu í evrópskum samningarétti við sama skóla árin 2006–2013. Hann hefur einnig verið próf- og ritgerðardómari við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Auk þessa hefur hann haldið fyrirlestra um ýmis lögfræðileg málefni í háskólum hérlendis og hefur ritað tvær ritrýndar fræðigreinar á sviði samningaréttar og einn bókarkafli.

5. Mat á hæfni umsækjenda

5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 2. mgr. 13. gr., sbr. 4. mgr. 54. gr. laga nr. 50/2016 er í átta tölulíðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti dómenda við Endurupptökudóm þurfa að uppfylla til að skipa megi þá í embætti. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 13. gr., hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómara verða almennt að njóta, sbr. 5. tölul., hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum, sbr. 6. tölul. og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, sbr. 8. tölul. Eins og áður greinir hefur ráðherra samkvæmt 3. gr. reglna nr. 970/2020 látið staðreyna að báðir umsækjendur uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulíð 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Enn fremur er tekið fram í 5. tölulíð 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var meðal annars áskilið í auglýsingu um embættið að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir, sem

nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra, voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum verður ráðið, eins og áður er fram komið, að umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni varadómanda við Endurupptökudóm samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5 .2. Menntun og framhaldsmenntun

Berglind Svavarsdóttir lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1989 og diplómanámi í stjórnun frá Háskólanum á Akureyri 2006.

Matthías G. Pálsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1993 og LL.M. námi í Evrópurétti og doktorsgráðu í alþjóðlegum samningarétti frá Evrópuháskólanum í Flórens 2001 (sambyggð gráða). Hann lauk diplómanámi í hafrétti frá Rhodos Academy of Ocean Law 2004 og viðbótarnám í þjóðarrétti frá Columbia University í New York 2008. Í júní 2021 útskrifaðist hann með BA-gráðu í ítölsku frá Háskóla Íslands og hóf diplómanám í umhverfis- og auðlindafræði við sama skóla á haustönn 2024.

5.2.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Samkvæmt framansögðu stendur *Matthías* mun framur *Berglindi* í þessum þætti matsins.

5.3. Reynsla af dómstörfum

Berglind Svavarsdóttir var tvisvar settur varadómari árið 2023. Annars vegar í fjölskipuðum héraðsdómi og hins vegar í Landsrétti.

Matthías G. Pálsson hefur ekki fengist við dómstörf.

5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður

Samkvæmt framansögðu hefur *Berglind* setið sem dómari í tveimur málum og stendur *Matthíasi* framur í þessum matsþætti.

5.4. *Reynsla af lögmanns- og málflytningisstörfum*

Berglind Svavarsdóttir öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1997 og hæstaréttarlögmaður 2008. Hún hefur starfað sem sjálfstætt starfandi lögmaður í tæpa þrjú áratugi og staðið að rekstri lögmannsstofu, ýmist ein eða sem meðeigandi. Þá átti hún sæti í slitastjórn SPB hf. 2009-2016.

Matthías G. Pálsson öðlaðist réttindi til flytningu mála fyrir héraðsdómstólum 1994 og hóf sama ár störf á lögmannsstofu í Reykjavík þar sem hann starfaði sem lögfræðingur og síðar lögmaður til 1996.

5.4.1. *Reynsla af lögmanns- og málflytningisstörfum – samanburður*

Samkvæmt því stendur *Berglind* mun frammar *Matthíasi* í þessum matsþætti en hún hefur verið sjálfstætt starfandi lögmaður í nær 29 ár. Hún hefur á þeim tíma fengist við fjölpætt málflytningisstörf á öllum dómstigum.

5.5. *Reynsla af stjórnarsýslustörfum*

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnarsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Berglind Svavarsdóttir starfaði sem löglerður fulltrúi Sýslumannsins á Húsavík 1990-1996, þar af sem staðgengill sýslumanns 1995-1996. Umsækjandinn var formaður barnaverndarnefndar Suður-Pingeyjarsýslu 1998-2002 og formaður barnaverndarnefndar Pingeyjarsýslu 2002-2007. Þá var hún varamaður í úrskurðarnefnd lögmannna árin 2005-2015. Hún sat í dómnefnd um umsækjendur sem sóttust eftir tilnefningu af Íslands hálfu sem dómarmarar í Mannréttindadómstól Evrópu 2013 og hefur setið í prófnefnd um öflun málflytninguréttinda fyrir héraðsdómstólum frá árinu 2023. Hún var tilnefnd til setu í Enduruppþökunefnd *ad hoc* 2015 og í Úrskurðarnefnd lögmannna *ad hoc* 2024. Hún sat í yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis 2018-2022 og gegnir nú formennsku í tveimur úrskurðarnefndum; úrskurðarnefnd kosningamála frá 2022 og úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar frá 2018.

Matthías G. Pálsson starfaði sem fulltrúi og þinglýsingarstjóri hjá Sýslumanninum í Kópavogi frá útskrift í október 1993 fram til mars 1994. Hann starfaði tímabundið sem lögfræðingur á EFTA-skrifstofunni í Brussel 2001 og starfaði

sem sendiráðsritari á varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins í Reykjavík fram til í september 2005. Hann var sendiráðunautur og lögfræðingur við fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York, síðar fulltrúi Íslands í hermálanefnd Atlantshafsbandalagsins í Brussel í Belgíu í rúmt ár, 2009-2010 og í framhaldi af því sendiráðunautur og lögfræðingur í sendiráði Íslands í Brussel 2010-2014. Umsækjandinn starfaði sem lögfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu 2014-2021 og sinnti þar fjölbreyttum störfum á sviði ráðuneytisins, meðal annars var hann fastafulltrúi Íslands gegn Evrópuráðinu í Strassborg 2018-2020 og fór fyrir samninganefnd Íslands í undirbúningviðræðum og samningaviðræðum um gerð alþjóðlegs samnings um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja 2015-2021. Frá ágúst 2021 til júlí 2024 var umsækjandinn sendiherra og fastafulltrúi Íslands gagnvart Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Alþjóðlega þróunarsjóði landbúnaðarins (IFAD) í Róm, Ítalíu.

5.5.1. Reynsla af stjórnsýslustörfum – samanburður

Í þessum þætti hæfnismats hafa báðir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnsýslustörfum þótt ólík séu. Annar umsækjandinn hefur haft stjórnsýslustörf að aðalstarfi óslitið í tæp 25. Hinn umsækjandinn starfaði um nokkurra ára bil sem sýslumannsfulltrúi og síðar staðgengill sýslumann auk þess sem hún var formaður barnaverndarnefnda 1998 til 2007. Síðustu áratugina hefur umsækjandinn aðallega innt stjórnsýslustörfum af hendi samhliða aðalstarfi sem lögmaður. Við mat á stjórnsýslureynslu umsækjendanna skiptir máli hvort störfin nýtist dómanda í Endurupptökudómi sérstaklega, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum, Endurupptökudómi eða Endurupptökunefnd. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir eðli sínu, umfangi og fjölbreytni. Jafnframt verður horft til lengdar starfstíma þar sem fyrstu árin vega þyngst, en einnig þess hversu langt er síðan störfin voru innt af hendi.

Matthías á samkvæmt framansögðu langan og fjölbreyttan feril að baki í utanríkisþjónustu Íslands og hefur mikla reynslu af stjórnsýslustörfum sem falla þar

undir. Sem fyrr greinir hefur *Berglind* aðallega fengist við stjórnsýslustörf samhliða aðalstarfi en samkvæmt framansögðu vegur þungt reynsla hennar af setu í úrskurðarnefndum, þar sem hún hefur meðal annars gegnt formennsku um árabíl, sem og í Endurupptökunefnd *ad hoc*. Að öllu framangreindu gættu stendur *Matthías* framur *Berglindi* í þessum matsþætti.

5.6. *Reynsla af fræðistörfum o.fl.*

5.6.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf*

Berglind Svavarsdóttir hefur leiðbeint nemendum við skrif lokaritgerða við lagadeild Háskólans á Akureyri.

Matthías G. Pálsson var stundakennari í samningarétti við Háskóla Íslands 1995-1996. Þá var hann stundakennari og aðjúnt í almennum samningarétti við Háskólann í Reykjavík 2003-2005 og hafði umsjón með og kenndi árlega málstofu í evrópskum samningarétti við sama skóla 2006-2013. Hann hefur einnig verið próf- og ritgerðardómari við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

5.6.1.1. *Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hefur *Matthías* mun meiri reynslu en *Berglind* á því sviði sem hér um ræðir.

5.6.2. *Fræðibækur og -greinar o.fl.*

Berglind Svavarsdóttir hefur haldið fyrirlestra og skrifað pistla um ýmis lögfræðileg efni.

Matthías G. Pálsson tilgreinir í umsókn sinni þrjár greinar á sviði samningaréttar og hafa tvær þeirra verið ritrýndar. Þá getur hann um einn ritrýndan bókarkafli. Einnig hefur hann haldið fyrirlestra um ýmis lögfræðileg málefni í háskólum hérlendis.

5.6.2.1. Fræðibækur og -greinar o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli fræðiskrifa þeirra, fyrst og fremst fræðigreina, og annarra skrifa um lögfræðileg efni. Við matið er litið til gæða þeirra, fjölda, umfangs og fjölbreytni, auk þess sem horft er til þess hvort hlutaðeigandi umsækjandi hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af fyrirlestrum og erindum, sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg efni á ráðstefnum, fundum eða öðrum áþekktum vettvangi. Síðastnefndi þátturinn er þó tiltölulega léttvægur í samanburði við fræðiskrif.

Að þessu virtu stendur *Matthías* mun frammar *Berglindi* í þessum þætti matsins.

5.7. Reynsla af stjórnun

Berglind Svavarsdóttir rak eigin lögmannsstofu og fasteignasölu á Húsavík um nokkurra ára bil og hefur verið meðeigandi á lögmannsstofum í Reykjavík frá árinu 2003. Hún átti sæti í slitastjórn SPB hf. 2009-2016 og í bankaráði Landsbanka Íslands hf. 2016-2024, þar af sem varaformaður frá 2018. Einnig var hún formaður áhættunefndar bankans um hríð. Þá var hún formaður barnaverndarnefndar Suður-Pingeyjarsýslu 1998-2002 og barnaverndarnefndar Pingeyjarsýslu 2002-2007. Hún var varaformaður Lögmannafélags Íslands 2016-2017 og formaður þess 2018-2021. Þá hefur hún verið formaður úrskurðarnefndar kosningamála frá 2022 og úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar frá 2018.

Matthías G. Pálsson var deildarstjóri alþjóða- og öryggismála á samnefndri skrifstofu 2018-2019 og fastafulltrúi Íslands gagnvart Evrópuráðinu í Strassborg 2018-2020 þar sem hann var yfirmaður annarra íslenskra lögfræðinga sem í nefndinni störfuðu. Einnig var hann yfirmaður starfsmanna á vörumerkja- og einkaleyfaumboðsskrifstofu 1994-1996.

5.7.1. Reynsla af stjórnun – samanburður

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík störf hafa verið fólgin, þar á meðal hversu góður undirbúningur felst í þeim fyrir starf dómanda við

Endurupptökudóm. Þá skiptir máli hver lengi umsækjendur hafa sinnt slíkum störfum þar sem fyrstu árin vega sem endranær mun þyngra en árin sem á eftir fara.

Samkvæmt framansögðu hefur *Berglind* meiri stjórnunarreynslu en *Matthías* en hún hefur langa og fjölbreytta reynslu af ýmsum stjórnunarstörfum.

5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

Hér á eftir verða rakin önnur störf og verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við og nýtast myndu þeim í störfum við Endurupptökudóm að mati dómnefndar, enda hafi þeirra ekki áður verið getið, svo sem í köflum 5.5. og 5.7.

Berglind Svavarsdóttir hefur setið í stjórn Lögfræðingafélags Norður-og Austurlands og var formaður félagsins 2000-2002.

Matthías G. Pálsson hefur ekki greint frá störfum sem geta fallið undir þennan matsþátt.

5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður

Eins og áður greinir koma einungis til álita við mat á hæfni umsækjenda í þessum þætti þau störf, sem ekki hafa verið felld undir aðra matsþætti, svo sem stjórnarsýslustörf eða stjórnun, enda geti þau að mati dómnefndar varpað ljósi á hæfni þeirra til að gegna embætti dómanda við Endurupptökudóm.

Samkvæmt framansögðu stendur *Berglind* framur *Matthíasi* í þessum matsþætti.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir m.a. að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu. Einnig verði hann að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

Hvað þennan þátt mats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli, þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu, hver sé reynsla hans af

dóms- og málflytningisstörfum og hvert sé framlag hans í formi kennslu og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði.

Það er álit dómnefndar að báðir umsækjendur hafi með námi sínu og störfum öðlast nægilegt vald á réttarfarsreglum til að geta sinnt störfum dómanda við Endurupptökudóm. Með tilliti til þeirra starfa, sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum, lítur dómnefnd eining svo á að þeir séu hæfir til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál, sem þeim eru fengin, bæði skjótt og vel.

Það er því niðurstaða nefndarinnar að ekki séu efni til að gera upp á milli umsækjenda hvað þennan matsþátt varðar, en þó er til þess að líta að *Berglind* hefur meiri reynslu á þessu sviði en *Matthías*.

6. Færni umsækjenda til að semja úrskurði

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og viðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Enn fremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Eftir því sem umsækjandi hefur tileinkað sér betur þessi atriði, þeim mun færari er hann um að kveða upp úrskurð um hvort mál, sem áður hefur verið dæmt, verði endurupptekið. Málflytningsskjöl á borð við greinargerðir, sem hann hefur ritað, geta auk annars veitt vísbendingar um hversu vel hann er að sér þegar kemur að því að beita þeim réttarheimildum og skýra þau lög sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandinn ætti með að reifa í stuttu máli og um leið með fullnægjandi hætti málsatvik og ágreiningsefni máls, sem kæmi til kasta Endurupptökudóms, og komast að vel rökstuddri niðurstöðu um hvort fallast eigi á beiðni um endurupptöku málsins.

Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt sérstakt og rökstutt mat á færni hvors umsækjendanna um sig til að semja slíka úrskurði. Ekki hefur þá aðeins verið horft til þeirra framlaga, sem fylgdu umsóknum þeirra, heldur einnig til annarra gagna, sem aðgengileg eru, svo sem heimilt er að gera skv. 3. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020.

Vegna þess að starfsreynsla umsækjenda er ólík innbyrðis hefur nefndin þurft að beita mismunandi aðferðum til að meta hæfni þeirra að þessu leyti. Að meginstefnu til eru valin að minnsta kosti fjögur framlög frá umsækjendum og þar miðað við umsóknargögn og önnur gögn sem umsækjendur hafa látið nefndinni í té. Í öðru tilvikinu var litið til tveggja málflutningsskjala og tveggja úrskurða sjálfstæðra stjórnarsýslunefnda þar sem umsækjandinn er formaður. Í hinu tilvikinu var litið til fræðilegra framlaga þess umsækjanda.

Við þennan hluta matsins var sjónum einkum beint að því hvernig umsækjendum hefur tekist að nýta þá lögfræðilegu þekkingu, sem þeir búa yfir. Þegar borin er saman færni umsækjenda að þessu leyti hefur jafnframt verið litið til þess hversu fjölbreytileg lögfræðileg álitaefni umsækjendur hafa fengist við, sér í lagi hin síðari ár, hversu flókin úrlausnar þau hafa verið sem og ábyrgðar og sjálfstæði í því starfi sem um ræðir. Loks hefur verið höfð hliðsjón af öðrum skrifum umsækjenda um lögfræðileg efni þar sem þeirra nýtur við.

Niðurstaða þessa mats dómnefndar er að *Berglind Svavarsdóttir* standi *Matthíasi G. Pálssyni* nokkru framar til að semja úrskurði Endurupptökudóms. Því til stuðnings er meðal annars vísað til úrskurða og málflutningsskjala *Berglindar* og áralangrar reynslu hennar af störfum sem málflytjandi fyrir öllum dómstigum.

7. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 er að taka afstöðu til þess hvort annar umsækjendanna tveggja sé hinum hæfari til að gegna embætti dómanda við Endurupptökudóm eða hvort þeir séu jafn hæfir til þess.

Að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum. Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og, eftir því sem kostur er, hlutlægu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að þeir hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla þeirra nýtist í störfum í Endurupptökudómi skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmanns- og málflutnings-

störfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hefur þýðingu hvort þau verkefni sem umsækjendur hafa fengist við séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma önnur atriði ekki síður til álita, þá einkum færni við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Ef lítið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 5.2. – 5.9., þar sem reynsla af dómstörfum, reynsla af lögmanns- og málflutningsstörfum og reynsla af stjórnsýslustörfum vega þyngst og hafa jafn mikið vægi, hver þáttur um sig, og jafnframt til mats á færni umsækjenda til að leysa úr málum sem koma til kasta Endurupptökudóms, og matsþættirnir allir virtir í heild, er það niðurstaða dómnefndar að *Berglind* standi feti framar *Matthíasi*. Þetta heildarmat nefndarinnar miðast við færni umsækjenda til að nýta þá lögfræðipækkingu, sem þeir búa yfir, við að leysa úr þeim málum, sem koma til kasta Endurupptökudóms, á skipulegan og rökstuddan hátt og er þá ekki aðeins lítið til þess hve þau störf, sem umsækjendurnir hafa sinnt, eru fjölbreytt, heldur ekki síður hve verkefnin, er þeir hafa fengist við í sama starfi, eru margbreytileg.

Með skírskotun til alls þess, sem áður greinir og fram hefur komið, meðal annars í viðtölum við umsækjendur, er það því niðurstaða dómnefndar að *Berglind Svavarsdóttir* sé hæfust umsækjenda að gegna embætti dómanda við Endurupptökudóm.

Berglind Svavarsdóttir lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands 1989 og öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1997, hæstaréttarlögmaður 2008 og löggildingu til að starfa sem fasteigna- og skipasali 1996. Hún lauk lauk diplómanámi í stjórnun árið 2006. Árin 1990-1996 starfaði hún sem löglærður fulltrúi Sýslumannsins á Húsavík, þar af sem staðgengill sýslumanns 1995-1996. Frá árinu 1996 hefur hún starfað sem lögmaður á lögmannsstofu. Af öðrum aukastörfum má nefna að hún hefur verið settur varadómari, hún sat í slitastjórn SPB hf. árin 2009-2016 og í bankaráði Landsbanka Íslands hf. árin 2016-2024, þar af sem varaformaður frá 2018. Hún var í

stjórn Lögfræðingafélags Norður- og Austurlands 1997-2002 og formaður félagsins um tveggja ára skeið 2000-2002, formaður barnaverndarnefnda 1998-2007, í stjórn félags kvenna í lögmennsku 2008-2010 og í stjórn Lögmannafélags Íslands árin 2015-2021 þar af sem varaformaður 2016-2017 og formaður 2018-2021. Þá hefur hún setið í prófnefnd um öflun málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum frá árinu 2023, var tilnefnd *ad hoc* tilsetu í Endurupptökunefnd 2015 og í Úrskurðarnefnd lögmanna 2024, sat í yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis 2018-2022 og gegnir nú formennsku í tveimur úrskurðarnefndum; úrskurðarnefnd kosningamála frá 2022 og úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar frá 2018.

Ályktarorð:

Með skírskotun til 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að Berglind Svavarsdóttir sé hæfust umsækjenda til að gegna embætti dómanda við Endurupptökudóm sem auglýst var laust til umsóknar 11. október 2024.

Reykjavík, 17. desember 2024



Ása Ólafsdóttir



Helga Melkorka Óttarsdóttir



Kjartan Bjarni Björgvinsson



Reimar Pétursson



Þorgerður Örlygsson